

144

18. ágúst

AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1945 til 31. júlí 1946.

- I. Reykjavíkurborg, Akranesbær, Ísafjarðarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður:

Til fulls 4 ára aldurs	kr.	680.00
— — 7 — — —		570.00
— — 15 — — —		680.00
— — 16 — — —		340.00

- II. Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnes-sýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður:

Til fulls 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1945 til júlí 1946. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

145

25. ágúst

SAMÞYKKT

um fjárskipti á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfafljóts sunnan Mývatnsgirðingar samkvæmt lögum nr. 88 frá 1941.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er Skútustaðahreppur allur, Bárðdælahreppur, austan Skjálfafljóts norður að fjárpestargirðingu hjá Arndisarsstöðum. Enn fremur Holt og Laugasel í Reykdælahreppi.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á nefndu svæði skal fara fram þegar á næsta hausti (1945). Fjárfjöldi á svæðinu um síðustu áramót mun hafa verið tæplega 5000 fjár.